

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 95/1978 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

**um ráðstöfun gengismunar til að greiða fyrir hagræðingu í fiski-
iðnaði samkvæmt b-lið 3. gr. bráðabirgðalaga
nr. 95 5. september 1978, o. fl.**

1. gr.

Af gengismuni samkvæmt 3. mgr. 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 95/1978 skal endurgeiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu árána 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð. Endurgreiðsla þessi gerist upp og miðast við skuldir hvers flokks afurða fyrir sig sérstaklega, og greiðist af andvirði hans til viðkomandi deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu skuldar hennar við ríkissjóð.

2. gr.

Fjórðungi þess fjár, sem kemur í gengismunasjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru í a-lið 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 95/1978, svo og helmingur þess, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða skal varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skal fé þetta renna til þess lánaflökks Fiskveiðisjóðs Íslands, sem stofnað var til með reglugerð nr. 218 8. júní 1978 til hagræðingar í fiskiðnaði.

3. gr.

Af fé þessu skal veita lán til hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar, m. a. til vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum og annarra ráðstafana, sem horfa til hagræðingar að mati sjóðsstjórnar.

Þau frystihús, sem stöðvað hafa rekstur eða þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað, skulu hafa forgang við lánveitingar samkvæmt reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bætts skipulags í veiðum og vinnslu.

Við úthlutun lánanna skal þess gætt, að lánsfé fari til þess að ná fram bætri nýtingu, hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum, auk betri heildar- nýtingar fjármagns m. a. með samruna fyrirtækja.

4. gr.

Lánin skulu vera til allt að 7 ára og heimilt að ákveða að allt að fyrstu tvö árin séu án afborgana. Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma eftir eðli hvers láns.

Vextir af lánnum þessum skulu ekki vera hærrí en almennir fasteignalána-vextir á hverjum tíma og ákvarðast af sjóðsstjórn, þó ekki lægri en 14% á árunum 1978 og 1979.

Gjalddagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftirá.

5. gr.

Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda ásamt vélum og búnaði innan 70% af matsverði eða 50% af brunabótamati hins veðsetta. Nægi ekki umrædd veð, er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau önnur veð eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

6. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 95 5. september 1978 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegssráðuneytið, 22. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

GJALDSKRÁ

Iðntæknistofnunar Íslands yfir rannsóknir og tækniþjónustu.

1. gr.

1.1. Efnagreiningaþjónusta.

1.1.1. Matvæli, fóðurefni o. fl.

| | | |
|---|-----|-----------|
| Sykurefni (með aðferð Fehlings) | kr. | 2 000.00 |
| Sterkja (í kjötmeti) | — | 2 800.00 |
| Kalsíum | — | 1 500.00 |
| Fosfór | — | 1 500.00 |
| Aska | — | 750.00 |
| Salt | — | 900.00 |
| Vatn | — | 750.00 |
| Fita (með Soxhlet) | — | 1 300.00 |
| Ammoníak | — | 750.00 |
| Natríum nítít | — | 1 800.00 |
| Protein (Kjeldahl) | — | 2 000.00 |
| Meltanlegt protein | — | 3 200.00 |
| Tréni (aðferð Weende) | — | 1 700.00 |
| Vatn, aska, protein, fita, tréni | — | 5 400.00 |
| Vatn, aska, protein, fita, tréni, meltanlegt protein, Ca, Mg, Na, P | — | 12 500.00 |